

Sjúkratilfelli mánaðarins

Erlent tónfall eftir heiladrep

María K. Jónsdóttir¹⁾, Magnús Haraldsson¹⁾, Þóra Sæunn Úlfadóttir¹⁾, Einar M. Valdimarsson¹⁾

Sjúkrasaga

Þrjátíu og sjö ára gömul kona veiktist með skyndilegri taltruflun. Hún gat hvorki tjáð sig munnlega né skriflega en fannst hún skilja það sem við hana var sagt og geta hugsað það sem hún vildi segja. Daginn eftir var hún farin að tala aftur en með óeðlilegu tónfalli og áherslum. Hún var einnig þvoglumælt og hafði málfræðistol. Við skoðun tveimur dögum síðar fundust engin brottfallseinkenni utan taltruflana og tölvusneiðmynd af höfði var eðlileg.

Sex vikum eftir fyrstu einkenni var konan lögð inn á endurhæfinga- og taugadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur til ítarlegri rannsókna. Þá var tónfall tals með nokkuð sterkum erlendum hreim. Rödd var hás og rám en tónstyrkur var góður. Áherslur og lengd hljóða voru ekki í samræmi við íslenska málvenju og oft fengu öll atkvæði orða jafna áherslu. Hún kvað mjög skýrt að og í samfelldu tali varð ekki eðlilegur samruni hljóða. Henni gekk illa að breyta tónfalli í setningum eftir fyrirmælum og gekk illa að heyra mun á mismunandi tónfalli. Öll myndun stakra hljóða var þó eðlileg. Í 364 orða frásögn kom tvisvar fyrir að hún notaði eitt sérhljóð fyrir annað og einkenndi það tal hennar að nota raddað /r/ í stað óraddaðs /r/. Að auki einkenndist tal hennar af óeðlilega löngum sérhljóðum. Orðgleymska var mjög væg en að öðru leyti var mál fullkomlega eðlilegt og tal liðugt þó hún talaði fremur hægt.

Frá ¹⁾endurhæfinga- og taugadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur, 108 Reykjavík. Fyrirspurnir, bréfaskipti: María K. Jónsdóttir, Grensásdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur, Grensásvegi 62, 108 Reykjavík. Sími: 525 1656. Bréfsími: 525 1662. Netfang: marjo@rhi.hi.is

Engar vitsmunalegar truflanir voru til staðar. Bæði yrt og óyrt minni var eðlilegt, sjónræn úrvinnsla var góð og á óyrta rökverkefni stóð hún sig betur en 75% samanburðarhóps.


Tölvusneiðmynd af höfði, hjartalínurit og ómskoðun af hjarta voru án sjúklegra breytinga. Segulómun sýndi ummerki heiladreps ofan til á framanmiðjufellingu (gyrus precentralis) (mynd 1). Við ómskoðun á hálsæðum sást hvirfilstreymi og hraðaaukning á blóðstreymi í vinstri innri hálsslagæð. Hálsæðamynd sýndi stutta þrengingu á vinstri innri hálsslagæð. Þessi breyting er talin orsök segamyndunar og blóðreks til heila.

Konan var sett á magnyl og fékk talþjálfun. Einkennin gengu vel til baka á næstu mánuðum og eru nú tæpast merkjanleg nema þeim sem þekkja til sögu hennar.

Umræða

Eitt birtingarform áunninna taltruflana er að sjúklingurinn hljómar eins og útlendingur (foreign accent syndrome). Svona taltruflanir eru mjög óalgengar og innan við 30 tilfellum hefur verið lýst síðan Pick kynnti það fyrsta árið 1919 (1).

Margir þeirra sjúklinga sem lýst hefur verið hafa talað hikandi og stirðlega og sumir þeirra hafa haft málfræðistol (2,3). Það veldur þó ekki því að þeir hljóma eins og útlendingar enda er þvoglumælgí og stirðleiki í tali alla jafna ekki túlkað sem erlendum hreimur. Það sem veldur útlendu hljómfalli eru breyttir hljóðkerfislegir eiginleikar hljóða og óeðlilegar áherslur (2,3). Rétt er að líta á slíkt tónfall sem brottfallseinkenni þar sem sjúklingurinn hefur glatað hæfninni til að mynda þann hljóm sem er eiginlegur móðurmáli hans. Réttnefni á þessum einkennum væri því tónfallsröskun eða hljóðkerfisröskun.

18
2

02411

Mynd 1. Segulómun af höfði sem sýnir lítinn blett með auknu segulskini í heilaberki vinstra megin, ofan til á framanniðjufellingu (gyrus precentralis).

HEIMILDIR

1. Pick A. Über Änderungen des Sprachcharakters als Begleiterscheinung aphasischer Störungen. Z Gesamte Neurol und Psychiatrie 1919; 45: 230-41.
2. Blumstein S, Alexander MP, Ryalls JH, Katz W, Dworetzky B. On the nature of the foreign accent syndrome: a case study. Brain and Language 1987; 31: 215-44.
3. Berthier ML, Ruiz A, Massone MI, Starkstein SE, Leiguarda RC. Foreign accent syndrome: behavioral and anatomical findings in recovered and non-recovered patients. Aphasiology 1991; 5: 129-47.